105 6. Norðurmúlasýsla:

Tekjur:

a. Eign frá fyrra ári	kr. 1456,15½	
b. Sýsluvegagjald	— 1206,92½	kr. 2663,08

Gjöld:

a. Vegabótakostnaður	kr. 1733,78	
b. Önnur gjöld	— 220,00	
c. Eign til næsta árs	— 709,30	— 2663,08

7. Suðurmúlasýsla:

Tekjur:

a. Eign frá fyrra ári	kr. 1194,21	
b. Tillag úr landssjóði 1883	— 550,00	
c. Sýsluvegagjald	kr. 1334,16	
d. Aðrar tekjur (þar með vanheimt sýsluvegagjald fyrir 1883, 15 kr. 30 a.)	— 35,08	
e. Lánað til bráðabirgða	— 1000,00	
f. Skuld við 2 hreppa	— 1200,00	
g. Skuld við reikningshaldara til næsta árs	— 187,45	— 5500,90

Gjöld:

a. Skuld sjóðsins við 2 hreppa	kr. 1200,00	
b. Borgað af þessari skuld	— 400,00	
c. Vegabótakostnaður	— 3852,90	
d. Önnur gjöld	— 48,00	— 5500,90

Skrifstofu norður- og austuramtsins 7. dag októberm. 1885.

J. Havsteen.

106 **Yfirlit**

yfir fjárhag sýslusjóðanna í norður- og austuramtinu 1884.

Tekjur:

1. Húnavatnssýsla:

a. Eign frá fyrra ári	kr. 13,53	
b. Niðurjöfnun, 8 aurar á hvert hundrað	— 906,99	
c. Aðrar tekjur	— 100,00	kr. 1020,52

Gjöld:

a. Kostnaður sjóðsins	kr. 752,18	
b. Eign til næsta árs	— 268,34	— 1020,52

2. Skagafjarðarsýsla:

Tekjur:

a. Eign frá fyrra ári	kr. 655,90	
b. Niðurjöfnun 8 aurar á hvert hundrað	— 880,19	
c. Aðrar tekjur	— 100,00	kr. 1636,09

Gjöld:

a. Kostnaður sjóðsins	kr. 951,00	
b. Eign til næsta árs	— 685,09	— 1636,09

106

3. Eyjafjarðarsýsla:

Tekjur:

a. Eign frá fyrra ári	kr. 588,11	
b. Niðurjöfnun, 10 aurar á hvert hundrað	— 1099,35	
c. Aðrar tekjur	— 740,00	kr. 2427,46

Gjöld:

a. Kostnaður sjóðsins	kr. 1314,00	
b. Eign til næsta árs	— 1113,46	— 2427,46

4. Suðurþingeyjarsýsla:

Tekjur:

a. Eign frá fyrra ári	kr. 781,56	
b. Niðurjöfnun, 6 aurar á hvert hundrað	— 460,33	
c. Aðrar tekjur (þar með talið vangoldið sýslusjóðsgjald frá fyrri árum)	— 673,91	
d. Skuld við reikningshaldara	— 12,92	kr. 1928,72

Gjöld:

Kostnaður sjóðsins	kr. 1928,72	— 1928,72

5. Norðurþingeyjarsýsla:

Tekjur:

a. Eign frá fyrra ári	kr. 318,15	
b. Niðurjöfnun, 6 aurar á hvert hundrað	— 177,63	
c. Aðrar tekjur	— 220,00	kr. 715,78

Gjöld:

a. Kostnaður sjóðsins	kr. 473,50	
b. Eign til næsta árs	— 242,28	— 715,78

6. Norðurmúlasýsla:

Tekjur:

a. Eign frá fyrra ári	kr. 1413,09	
b. Niðurjöfnun, 20 aurar á hvert hundrað	— 1613,00	
c. Aðrar tekjur	— 50,00	kr. 3076,09

Gjöld:

a. Kostnaður sjóðsins	kr. 869,50	
b. Eign til næsta árs	— 2206,59	— 3076,09

7. Suðurmúlasýsla:

Tekjur:

a. Eign frá fyrra ári	kr. 471,32	
b. Útistandandi bráðabirgðastyrkur til jarðabóta	— 300,00	
c. Niðurjöfnun, 20 aurar á hvert hundrað	— 1427,40	
d. Aðrar tekjur	— 520,00	
e. Búnaðarskólagjaldið fyrir 1884, og hlutdeild sýslunnar úr búnaðarskólasjóðnum	— 1725,93	kr. 4444,65

Gjöld:

a. Kostnaður sjóðsins	kr. 1676,20	
b. Eign til næsta árs	— 2768,45	— 4444,65

1. ath. Með öðrum tekjum er í reikningum Eyjafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslna og Suðurmúlasýslu talið tillag úr landsjóði til eflingar búnaði samkvæmt fjárlögunum $18^{84}/_{85}$, 10. gr. C. 4.

106 2. ath. Að því leyti, sem eptirstöðvar sýslusjóða Norður- og Suðurmúlasýslna eru svo miklar, skal vísað til skýrslu um fund amtsráðsins 1. og 2. ágúst f. á. (Stjórnartíðindi 1884, B. bls. 159—160), og þess getið að sýslumaðurinn í Suðurmúlasýslu hafði tekið uppí reikninginn hlutdeild sýslunnar úr búnaðarskólasjóði amtsins, sem honum var útborgaður fyrir árslok 1884.

Skrifstofu norður- og austuramtsins 7. dag októbermán. 1885.

J. Havsteen.

107 19. okt. **Brjef landshöfðingja** *til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu* **um lán til að kaupa jörð til búnaðarskólastofnunar.** — Með brjefi þessu var sýslunefndinni í Borgarfjarðarsýslu veitt til bráðabyrgða 1200 kr. lán úr viðlagasjóði til að kaupa handa sýslunni jörðina Hvanneyri til búnaðarskólastofnunar móti því að lán þetta endurborgist og ávaxtist með 6% á ári í 28 ár.

108 20. okt. **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna* **um lán handa prestakalli til aðgjörðar á kirkju.** — Með brjefi þessu var Hofsprestakalli í Álptafirði veitt 300 kr. lán úr landssjóði til viðgjörðar á kirkjunni að Hálsi í Hamarsfirði gegn því að lánið ávaxtist með 4% á ári, og endurborgist af tekjum prestakallsins með 50 kr. á ári í 6 ár.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1884 og 1885.

10. gr. C 5. a

Veittar 138 kr. uppí kostnað við bráðabirgðaaðgjörðir á fjallvegunum yfir Öxnadalsheiði og Vatnsskarð Skagafjarðarsýslu megin. — Ennfremur leyft að verja 111 kr. til aðgjörðar á Öxnadalsheið arveginum Eyjafjarðarsýslu megin af fje því, sem veitt var til vegabóta á Vaðlaheiði (sbr. Stj.tíð. þ. á. B. bls. 59).

EMBÆTTISSKIPANIR O. FL.

7. nóvember var verzlunarstjóri S. Richter settur til þess fyrst um sinn að vera umboðsmaður Arnarstapa og Skógarstrandarumboðs.

19. s. m. veitti landshöfðingi presti að Hofi í Álptafirði, síra Brynjúlfi Jónssyni Bergsstaða prestakall í Húnavatnsprófastsdæmi frá næstkomandi fardögum.

ÓVEITT PRESTAKALL OG SÝSLAN.

Hof í Álptafirði í Suðurmúlaprófastsdæmi. Af brauðinu greiðist eptirlaunahluti uppgjafaprests samkvæmt 6. gr. laga 27. febr. 1880. Á því hvílir og 300 kr. landsjóðslán, sem að því leyti fráfaranda eigi kann að verða gjört að skyldu að borga það, endurborgast af þeim, sem brauðið fær, með 50 kr. á ári auk vaxta. Brauðið er metið 1483 kr. 96 a. Auglýst 20. nóvember 1885.

Umboðið yfir Arnarstapa og Skógarstrandarjörðum ásamt Hallbjarnareyri verður veitt frá fardögum 1886. Umboðsmaður hefir í laun sjöttung (1/6 eða 16 2/3%) af umboðstekjum þeim, er hann innheimtir, en verður að standa landssjóði skil á þeim í peningum eptir verðlagsskrá, þó þær sjeu greiddar honum í landaurum. Bónarbrjef um sýslan þessa eiga að stílast til landshöfðingja, en sendast amtmanninum yfir suðuramtinu og vesturamtinu innan loka febrúarmánaðar næstkomandi.

Sá er skipaður verður umboðsmaður verður að setja veð eptir nákvæmari ákvörðun landshöfðingjans.